



## **Siðareglur FEB – Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.**

### **TILGANGUR SIÐAREGLNA ER AÐ**

- FEB sinni veigamiklu hlutverki sínu við að stuðla að heill félagsmanna sinna.
- upplýsa félagsmenn um þau gildi sem móta starf FEB og auka traust á starfi þess.
- hvetja til gagnrýnnar og uppbyggjandi umræðu um starfsemina.
- auka gagnsæi, efla góða stjórnarhætti og faglegt starf í þágu eldri borgara.
- setja viðmið um breytni, fagmennsku og ábyrgð sem hvílir á starfsfólki, stjórn og sjálfboðaliðum umfram lagalegar skyldur.

### **ÁBYRGÐ GAGNVART ALMENNINGI, FJÖLMIÐLUM OG SAMFÉLAGI**

- FEB veitir áreiðanlegar og réttar upplýsingar sem skýra samhengi þess sem kynnt er hverju sinni. Þess skal gætt að notkun fræðilegra hugtaka og tölfræði séu aldrei villandi eða óaðgengileg félagsmönnum.
- FEB starfar sjálfstætt að markmiðum sínum. Það hefur hagsmuni félagsmanna sinna að leiðarljósi.
- FEB gætir þess að starf þess í þágu félagsmanna sinna takmarkist ekki af skuldbindingum eða þrýstingi stjórvalda eða annarra hagsmunaaðila.
- FEB hefur umhverfissjónarmið ávallt að leiðarljósi í rekstri sínum og sýnir með því gott fordæmi í umgengni við náttúru og samfélag.

### **ÁBYRGÐ GAGNVART FÉLAGSMÖNNUM**

- FEB ber ábyrgð á starfi sínu og sýnir öllum virðingu og trúnað.
- Gagnsæi um starfsemi FEB skal tryggt og veittar skulu áreiðanlegar og skýrar upplýsingar um starfsemina.
- FEB mismunar ekki þeim sem það á í samskiptum við, hvorki á grunni þjóðernis, kyns, kynhneigðar, fötlunar, trúar, skoðana eða annars fjölbreytileika.
- FEB leítast við að styrkja mannlega reisn með því að beita sér gegn misvirðingu gagnvart manneskjum, þar á meðal einelti, kynbundinni- og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.
- FEB misnotar hvorki stöðu sína né bregst trausti þeirra sem þau eiga í samskiptum við.

## ÁBYRGÐ STJÓRNA, STARFSFÓLKS OG SJÁLFBOÐALIÐA

- Stjórn, starfsfólk og sjálfboðaliðar vinni af heilindum að markmiðum og tilgangi FEB.
- Stjórn, starfsfólk og sjálfboðaliðar nýta ekki trúnaðarupplýsingar í eiginhagsmunaskyni eða í þágu vina eða skyldmenna.
- Stjórn, starfsfólk og sjálfboðaliðar virða störf annarra félaga og samtaka, sýna hver öðrum virðingu, samstarfsvilja og stuðning og stuðla að framgangi verkefna.

## ÁBYRG FJÁRMÁL FEB

- Meðferð fjármuna skal vera samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum og skoðun reikninga í höndum kjörinna skoðunarmanna eða endurskoðenda.
- Upplýsingar um fjárhag og rekstur skulu vera gagnsæjar og settar fram á einfaldan og skýran máta.
- FEB gætir þess að tengjast ekki aðilum sem starfa í ósamræmi við tilgang og markmið félagsins.
- FEB aflar ekki fjár með nokkrum þeim hætti sem telja mætti siðferðilega vafasaman.
- Starfsfólk gætir ráðdeildar í daglegum rekstri og við meðferð fjármuna félagsins.

## GILDISSVIÐ OG VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM

- Siðareglur þessar eru birtar á heimasíðu FEB og skal félagið fylgja þeim. Þær eiga við um alla sem taka að sér störf fyrir FEB.
- Stjórn FEB tekur við ábendingum um brot á þessum siðareglum og bregst við þeim. Stjórnin úrskurðar í hverju tilfelli hvort um brot sé að ræða, telji hún tilefni til að fjalla um ábendingu um slíkt. Við meðferð mála skal gæta trúnaðar, meðalhófs og andmælaréttar.
- Brjóti aðili tengdur FEB gegn siðareglum þessum skal hann í samráði við stjórn FEB bæta fyrir brotið eins og hægt er, leita sátta og birta eða leiðréttu viðeigandi upplýsingar eða gera aðra þá bragarbót sem þurfa þykir.
- Þess skal gætt að sá sem leggur fram upplýsingar um ætlað brot á siðareglunum, beri ekki skaða af.

*Félag eldri borara í Reykjavík og nágrenni er aðii að Landssambandi eldri borgara. Þessar siðareglur eru samkvæmt siðareglum Almannahaella, samtökum þriðja geirans, sem LEB er aðili að. Sjá nánar:*  
<https://almannaheill.is/almannaheill/sidareglur/>